



Sex mánaða uppgjör Landsvirkjunar

Erfitt efnahagsástand þrengir að eftirspurn

Helstu atriði árshlutareiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 69,4 milljónum USD (9,7 ma.kr.), en var 96,4 milljónir USD á sama tímabili árið áður og lækkar því um 28,0% milli tímabila.¹
- Hagnaður tímabilsins var 40,6 milljónir USD (5,6 ma.kr.) en var 68,6 milljónir USD á sama tímabili árið áður.
- Rekstrartekjur námu 227,1 milljón USD (31,6 ma.kr.) og lækka um 32,6 milljónir USD (12,6%) frá sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 60,2 milljónir USD (8,4 ma.kr.) frá áramótum og voru í lok júní 1.631,3 milljónir USD (226,8 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 129,7 milljónum USD (18,0 ma.kr.) sem er 18,9% lækkun frá sama tímabili árið áður.

Hörður Arnarson, forstjóri:

„Afkoma Landsvirkjunar á fyrri árshelmingi er lituð af erfiðu efnahagsástandi í heiminum um þessar mundir. COVID-19 faraldurinn hefur valdið samdrætti í eftirspurn hjá okkar helstu viðskiptavinum og sér þess merki í tekjum fyrirtækisins á tímabilinu, sér í lagi á öðrum fjórðungi ársins. Landsvirkjun hefur sem kunnugt er stutt við bakið á stórnotendum á þessum erfiðu tímum með því að bjóða þeim rafmagn á afsláttarkjörum til 31. október næstkomandi.

Selt heildarmagn raforku lækkaði um 6% milli ára og hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði dróst saman um 28% og nam 9,7 milljörðum króna. Þá lækkaði meðalálverð á tímabilinu um 13% og verð á Nord Pool-markaðinum um 75%, en hluti rafmagnsverðs til stórnotenda er tengdur þessum breytum. Þrátt fyrir þessar erfiðu ytri aðstæður tókst að lækka nettó skuldir um 8,4 milljarða króna frá áramótum. Horfur í rekstrarumhverfinu eru óvissar, en þær velta að miklu leyti á því hversu vel tekst að fást við útbreiðslu kórónuveirunnar og koma efnahagslífi heimsins í gang á ný.


Rekstur aflstöðva gekk vel á tímabilinu og vil ég þakka starfsfólki fyrirtækisins fyrir að leggja sig allt fram um að tryggja truflanalausan rekstur á meðan á þessum skæða faraldri hefur staðið.“

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 139




Rekstur

Þróun rekstrartekna



Sumir af stærstu viðskiptavinum Landsvirkjunar hafa fundið fyrir þrengingum á mörkuðum fyrir þeirra afurðir þar sem eftirspurn og verð hafa farið lækkandi. Hefur Landsvirkjun brugðist við með því að lækka raforkuverð tímabundið til viðskiptavina á þessum erfiðu tímum. Nokkrir viðskiptavinir hafa minnkað framleiðslu sína með tilheyrandi minni orkunotkun. Þessi þróun hefur sett þrýsting á rekstrartekjur Landsvirkjunar sem eru 33 m. USD lægri á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 en þær voru á sama tíma árið 2019.


EBITDA og EBITDA hlutfall



Rekstrar- og viðhaldskostnaður eykst milli ára, aðallega vegna kostnaðar í flutningskerfinu tengdum óveðri í byrjun árs og hækkunar á niðurrifsskuldbindingu. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, nam 163 m. USD á fyrri árshelmingi sem er 35 m. USD lægra en á sama tímabili árið áður.




Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til við mat á grunnrekstri fyrirtækisins. Hagnaðurinn nam 69 m. USD á fyrri helmingi ársins sem er 28% lækkun miðað við sama tímabil í fyrra.

Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði á H1 2020




Nettó skuldir lækka


Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 130 m. USD á tímabilinu sem er 30 m. USD lægra en á sama tímabili í fyrra. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins) lækkuðu um 60 m. USD frá áramótum en þær hafa lækkað um 127 m. USD frá sama tíma í fyrra. Eiginfjárlutfall hefur þróast í takt við niðurgreiðslu lána og er nú 51%.



Nettó skuldir og eiginfjárlutfall



Handbært fé nam 106 m. USD í lok júní 2020 sem er um 5 m. USD lækkun frá áramótum.



Horfur í rekstri

Kórónuveirufaraldurinn hefur haft neikvæð áhrif á eftirspurn eftir raforku um heim allan og finna margir viðskiptavina Landsvirkjunar fyrir þrengingum á mörkuðum fyrir þeirra afurðir. Landsvirkjun hefur komið til móts við viðskiptavinina sína vegna hugsanlegra rekstrarerfiðleika með því að veita tímabundna afslætti af raforkuverði til viðskiptavina meðal stórnotenda. Auk þess undirbýr Landsvirkjun ýmsar aðgerðir til að taka þátt í því átaki sem er framundan í atvinnu- og efnahagsmálum eftir kórónuveirufaraldurinn. Mikilvægasta verkefni Landsvirkjunar á tímum COVID-19 hefur verið að tryggja örugga orkuvinnsla í aflstöðvum og afhendingu rafmagns til viðskiptavina, samhliða því að tryggja heilsu og öryggi starfsfólks.

Reykjavík, 21. ágúst 2020

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

s. 515 9000



Um árshlutareikninginn

Árshlutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

Helstu stærðir árshlutareiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2020	2019	2018	2017	2016
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstur					
Rekstrartekjur	223.281	255.523	273.946	234.172	204.452
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði	3.819	4.195	(4.402)	(1.812)	2.475
Rekstrartekjur samtals	227.100	259.718	269.544	232.360	206.927
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(63.714)	(61.525)	(71.789)	(64.676)	(51.720)
EBITDA	163.386	198.193	197.755	167.684	155.207
Afskriftir og virðisryrnun	(63.848)	(67.400)	(61.839)	(58.321)	(58.471)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	99.538	130.793	135.916	109.363	96.736
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(30.097)	(34.402)	(49.192)	(34.231)	(32.256)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	69.441	96.391	86.724	75.132	64.480
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	(19.626)	765	(29.133)	35.816	14.391
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	(29)	(3.431)	14.046	(2.951)	(2.908)
Óinnleystur gjaldeyrismunur	9.824	8.419	10.037	(48.495)	(20.914)
	(9.831)	5.753	(5.050)	(15.630)	(9.431)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	59.610	102.144	81.674	59.502	55.049
Tekjuskattur	(19.026)	(33.586)	(27.167)	(19.789)	(20.216)
Hagnaður	40.584	68.558	54.507	39.713	34.833
Efnahagur	30.6.2020	30.6.2019	30.6.2018	30.6.2017	30.6.2016
Eignir samtals	4.332.388	4.355.140	4.486.572	4.379.436	4.233.437
Eigið fé samtals	2.201.115	2.191.134	2.099.502	1.995.963	1.937.653
Skuldir samtals	2.131.273	2.164.006	2.387.070	2.383.473	2.295.784
Nettó skuldir	1.631.302	1.758.546	1.992.640	2.017.227	1.946.033
Lykiltölur					
Handbært fé frá rekstri	129.654	159.892	149.239	142.366	123.841
Fjárfestingar	(40.201)	(32.255)	(96.656)	(117.767)	(51.132)
Fjármögnun	(92.586)	(165.788)	(66.682)	(62.681)	(103.290)
Lausafé alls	285.523	422.964	491.026	510.647	617.498
Eiginfjárhlutfall	50,8%	50,3%	46,8%	45,6%	45,8%
Arðsemi eiginfjár	3,9%	6,4%	6,2%	3,7%	3,1%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld)	5,38x	5,70x	4,77x	5,32x	4,87x
Nettó skuldir / EBITDA	4,79x	4,51x	5,30x	6,42x	6,33x

Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.